

# Fréttabréf

## Foreldrafélags Sunnulækjarskóla

Stjórn foreldrafélags Sunnulækjarskóla veturinn 2018-2019

Kristjana Sigríður Skúladóttir, formaður

Pétur Aðalsteinsson, gjaldkeri

María Berg Guðnadóttir, ritari

Margrét Anna Guðmundsdóttir, Berglind Hafsteinsdóttir,

Jódís Ásta Gísladóttir og Bryndís Jónsdóttir, meðstjórnendur

Starf foreldrafélagsins fer vel af stað nú í byrjun vetrar og verður starf félagsins með hefðbundnu sniði líkt og undanfarin ár.

Í október var haldinn tenglafundur þar sem tenglar fengu kynningu á starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zelzús og almennar upplýsingar um tenglastarfið. Tenglar eru hvattir til að hafa a.m.k. einn viðburð á hvorri önn fyrir sig og minnt er á styrk sem að tenglar geta fengið.

Í samstarfi við forvarnarhóp Árborgar var foreldrum og forráðamönnum boðið á sýningu myndarinnar *Lof mér að falla* og í kjölfarið á málþing sem haldið var á hótelinu. Bæði sýningin og málþingið voru mjög vel sótt en um 190 manns mættu og áhugaverðar umræður sköpuðust.

### Fyrir börnin:

Nú á næstu dögum mun foreldrafélagið gefa nemendum í 1. bekk endurskinsvesti. En vestin hafa verið gefin undanfarin ár við mikla ánægju nemenda, starfsfólks og foreldra.

Foreldrafélagið hefur undanfarin ár gefið skólanum gjöf sem nýtist börnum okkar, hvort sem er í leik eða starfi innan skólans. Ef þú ert með hugmynd að gjöf/viðburði hafðu þá endilega samband á facebooksíðu félagsins *Foreldrafélag Sunnulækjarskóla*.

Allar ábendingar eru vel þegnar! 😊

### Fyrir foreldra og forráðamenn:

Þriðjudaginn 27. nóvember verður hinn sívinsæli kakófundur.

Til stendur að fá Bryndísi Jónu Jónsdóttur frá Núvitundarsetrinu til að fjalla um um núvitund í uppeldi barna.

Nánari tímasetning auglýst síðar.



Gíróseðlar frá foreldrafélagi Sunnulækjarskóla verða sendir fljótlega í heimabanka foreldra/forráðamanna barna í Sunnulækjarskóla, **gjaldið er 1.000kr á heimili** og vonumst við til að sem flestir sjái sér fært að borga svo við getum haldið áfram að gera góða og skemmtilega hluti fyrir krakkana okkar!

